



Vt. Innkaupa- og framkvæmdaráð

Tillaga um breytingu á viðmiðunarfjárhæðum innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að innkaupa- og framkvæmdaráði samþykki eftirfarandi breytingar á 2. mgr. og 3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 37. gr. innkaupareglna:

2. mgr. 14. gr.:

Gera skal verðfyrirspurn, sbr. 19. gr. eða beita öðrum innkaupaferlum, þegar áætluð fjárhæð innkaupa án virðisaukaskatts er eftirfarandi:

- vegna verklegrar framkvæmdar frá kr. 30.000.000,- án virðisaukaskatts og allt að viðmiðunarfjárhæð fyrir útboðsskyldu fyrir verklegar framkvæmdir innanlands, eins og hún er ákvörðuð samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup hverju sinni.
- vegna kaupa á vöru og þjónustu frá kr. 10.000.000,- án virðisaukaskatts og allt að viðmiðunarfjárhæð fyrir útboðsskyldu kaupa á vöru og þjónustu innanlands, eins og hún er ákvörðuð samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup hverju sinni.

3. mgr. 14. gr.:

Skylt er að viðhafa innkaupaferli, annað en verðfyrirspurn, þegar áætluð samningsfjárhæð án virðisaukaskatts er yfir viðmiðunarfjárhæð um útboðsskyldu innanlands, eins og hún er ákvörðuð hverju sinni samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup.

2. mgr. 37. gr.:

Innkaupa- og framkvæmdaráð tekur ákvörðun um val á tilboði að fenginni tillögu kaupanda sé áætluð samningsfjárhæð án virðisaukaskatti yfir viðmiðunarfjárhæðum um útboðsskyldu innanlands, eins og þær eru ákvarðaðar samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup hverju sinni.

Greinargerð með tillögu:

Með vísan til 4. mgr. 2. gr. samþykktar innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar þá er hér lögð fram tillaga að nýjum viðmiðunarfjárhæðum innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Innkaupareglur Reykjavíkurborgar hafa verið til heildarendurskoðunar um þónokkurt skeið og átti að ljúka sl. vor. Ekki hefur þó tekist að ljúka þeirri vinnu sökum skipulagsbreytinga innan fjármála- og áhættustýringasviðs. Þar sem ljóst er að skipulagsbreytingar munu ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en eftir áramót er ekki talið unnt að bíða lengur með uppfærslu á viðmiðunarfjárhæðum reglnanna enda er ekki samræmi á milli viðmiðunarfjárhæða laga um opinber innkaup og innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Lagðar eru til framangreindar breytingar á 14. gr. og 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar til samþykktar innkaupa- og framkvæmdaráðs og þess óskað að ráðið samhliða vísi málinu áfram til borgarráðs til meðferðar.

Breytingar þessar eru í samræmi við fyrirliggjandi drög að tillögu um nýjar innkaupareglur Reykjavíkurborgar sl. vor, að teknu tilliti til umsagna hagsmunaaðila, þar sem ætlunin er að



leggja til að minnka flækjustig við innkaup Reykjavíkurborgar og samhliða auka svigrúm til að bæta gæði gagna og eftirlits.

Til upplýsinga þá er viðmiðunarfjárhæðum um útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup að jafnaði breytt á tveggja ári fresti með reglugerð ráðherra. Gildandi viðmiðunarfjárhæðir laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, sbr. 2.gr. og 3. gr. reglugerðar nr. 360/2022 eru eftirfarandi:

Innanlands:

Vöru- og þjónustusamningar	Kr. 18.519.000,- án vsk.
Verksamningar	Kr. 58.543.000,- án vsk.

Evrópska efnahagssvæðið:

Vöru- og þjónustusamningar	Kr. 32.314.000,- án vsk.
Verksamningar	Kr. 808.914.000, án vsk.

Virðingarfyllt

Margrét Lilja Gunnarsdóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið

Hjálagt: *Innkaupareglur Reykjavíkurborgar 2022 – með breytingatillögum.*

INNKAUPAREGLUR REYKJAVÍKURBORGAR

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangur

Tilgangur með reglum þessum er að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og ábyrgum innkaupum Reykjavíkurborgar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Reykjavíkurborg kaupir.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að Reykjavíkurborg hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskipta- og stjórnsýsluhætti. Þeim er einnig ætlað að stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanlega framkvæmd, gegnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup á vegum Reykjavíkurborgar.

Jafnframt er reglum þessum ætlað að stuðla að því að innkaup Reykjavíkurborgar á vörum, þjónustu og verkum leiði til virkrar samkeppni fyrirtækja á markaði og efla nýsköpun og þróun.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir borgarsjóð Reykjavíkur og allar stofnanir hans. Þær gilda ekki sjálfkrafa um fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar þrátt fyrir að þau fyrirtæki falli hugsanlega undir lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

3. gr.

Lög og reglur um innkaup

Innkaupastefnu og innkaupareglum Reykjavíkurborgar skal fylgt við öll innkaup Reykjavíkurborgar, sem og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 þar sem við á. Innkaupareglur Reykjavíkurborgar gilda ekki um innkaup sem eru yfir útboðsskyldum viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, nema að því leyti sem snýr að framkvæmd og hlutverki innkaupaskrifstofu og innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar enda gilda lög um opinber innkaup þar frammar. Þó hafa I. og IV. kaflar reglnanna almennt gildi við öll innkaup Reykjavíkurborgar.

Við túlkun á reglum þessum ber að hafa hliðsjón af lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, að meðtöldum reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra sem og lögskýringargögnum.

4. gr.

Hugtakið innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum, sbr. 10. gr.

5. gr.

Umsjón innkaupa Reykjavíkurborgar

Stjórnendur og starfsmenn sviða, skrifstofa, stofnana og annarra rekstrareininga sem fara með innkaup fyrir hönd Reykjavíkurborgar, hér eftir kaupendur, skulu tryggja að innkaup séu í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur borgarinnar, sem og lög um opinber innkaup. Kaupandi ber m.a. ábyrgð á gerð þarfagreiningar, kostnaðaráætlunar og útboðsgagna. Kaupandi ber ábyrgð á því að framkvæmt verði mat á því hvernig fyrirhuguð innkaup samræmast stefnum Reykjavíkurborgar í innkaupamálum. Mat þetta skal eiga sér stað áður en innkaupaferill hefst. Kaupandi ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og eftirliti með því að tryggja að hann sé framkvæmdur í samræmi við efni sitt. Kaupanda er óheimilt að framkvæma sjálfur formleg innkaupaferli sem reglurnar fjalla um, sbr. 2. mgr. Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur yfirumsjón með ráðgjöf og þjónustu vegna innkaupa Reykjavíkurborgar og ber innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar, hér eftir nefnd innkaupaskrifstofa, ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála og þjónustu við innkaupa- og

framkvæmdaráð. Innkaupaskrifstofa veitir þjónustu og aðstoð vegna innkaupa til þeirra sem, af hálfu Reykjavíkurborgar, kaupa verk, vöru og þjónustu. Innkaupaskrifstofa framkvæmir í samvinnu við kaupanda öll innkaupaferli sem reglur þessar og lög um opinber innkaup fjalla um. Þá ber innkaupaskrifstofa ábyrgð á að samræma og staðla almenn ákvæði útboðsgagna sem notuð eru við útboð á vegum Reykjavíkurborgar. Auk þess hefur innkaupaskrifstofa umsjón með eftirliti með því að innkaup Reykjavíkurborgar séu í samræmi við innkaupareglur þessar.

Innkaupaskrifstofu er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum frá einstökum sviðum eða stofnunum Reykjavíkurborgar um innkaup yfir viðmiðunarfrjárhæðum innkaupareglna sem deildin telur óvíst hvort stofnað hafi verið til í samræmi við innkaupareglur. Innkaupaskrifstofa skal ársfjórðungslega leggja fram yfirlit til innkaupa- og framkvæmdaráðs yfir slík mál ásamt skýringum viðkomandi ábyrgðaraðila.

Borgarlögmaður veitir lögfræðilega ráðgjöf í innkaupamálum til innkaupaskrifstofu og kaupanda og skal vera innkaupa- og framkvæmdaráði til ráðgjafar.

Innkaupa- og framkvæmdaráð skal móta stefnu í innkaupamálum Reykjavíkurborgar, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Þá tekur ráðið og til meðferðar tillögur um nýjungar og breytingar á stefnu í innkaupamálum og afgreiðir innkaupamál yfir tilteknum viðmiðunarfrjárhæðum þessara innkaupareglna, sbr. samþykkt fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar. Jafnframt hefur ráðið á hendi eftirlitshlutverk með því að kaupendur Reykjavíkurborgar fylgi innkaupastefnu og innkaupareglum Reykjavíkurborgar og tekur til meðferðar ábendingar og athugasemdir þar að lútandi. Innkaupa- og framkvæmdaráð hefur einnig eftirlit með framgangi verkefna á fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar og útboðsskyldra viðhaldsverkefna á vegum Reykjavíkurborgar. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

6. gr.

Ábyrgð á því að farið sé að reglum um innkaup

Ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar og ákvæði laga um opinber innkaup er á hendi viðkomandi kaupanda hjá Reykjavíkurborg.

Fagráð borgarinnar bera ábyrgð á eftirliti með innkaupum sviða og stofnana sem undir þau heyra. Komi í ljós við eftirlit að reglur kunni að hafa verið brotnar ber að tilkynna um slíkt til innkaupa- og framkvæmdaráðs sem tekur erindið til meðferðar.

Innkaupadeild skal beina athugasemdum til og krefjast úrbóta hjá stofnunum og sviðum borgarinnar vegna brota á reglum þessum. Innkaupaskrifstofa skal gera innkaupa- og framkvæmdaráði grein fyrir þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið í tengslum við eftirlit, hvaða úrbóta var krafist og hvernig úrbætur fóru fram.

Vakni grunur um misferli í innkaupum skal slíkt tafarlaust tilkynnt innri endurskoðun Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Upplýsingagjöf kaupanda til eftirlitsaðila

Ársfjórðungslega skulu yfirmenn sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar senda yfirlit til þess fagráðs sem þau heyra undir. Í yfirlitinu skal gera grein fyrir einstökum innkaupum sem sviðið eða skrifstofan hefur greitt fyrir á undanförunum 12 mánuðum og samanlagðar greiðslur á tímabilinu eru hærri en ein milljón krónur. Fagráð getur vísað ábendingum um einstök innkaup til innkaupa- og framkvæmdaráðs. Miðlægar skrifstofur skulu senda slíkt yfirlit til innkaupa- og framkvæmdaráðs. Með sama hætti skulu kaupendur senda innkaupa- og framkvæmdaráði yfirlit yfir einstök innkaup sem greitt hefur verið fyrir á undanförunum 12 mánuðum og samanlagðar greiðslur á tímabilinu eru hærri en fimm milljónir króna. Þessi málsgrein gildir ekki um þær miðlægu skrifstofur sem senda yfirlit í samræmi við 1. mgr.

Árlega skulu yfirmenn sviða og skrifstofa senda sambærileg yfirlit yfir uppsöfnuð viðskipti undanfarinna 48 mánaða.

Yfirlitin skulu þannig fram sett að auðkennd og aðgreind séu innkaup sem framkvæmd hafa verið af innkaupaskrifstofu fyrir hönd sviðsins sem og hvar ákvörðun um innkaupin hafi verið tekin. Einnig skal koma fram á yfirliti tegund verkefnis, hvort um ræðir verklega framkvæmd, vöru eða þjónustu.

Hafi engin innkaup yfir tilgreindum fjárhæðum farið fram á tímabilinu skal senda yfirlýsingu þess efnis til innkaupa- og framkvæmdaráðs og viðkomandi fagráðs. Berist hvorki yfirlit né yfirlýsing skal innkaupa- og framkvæmdaráð kalla eftir upplýsingum frá viðkomandi sviði.

Mánaðarlega skal innkaupaskrifstofa leggja fram í innkaupa- og framkvæmdaráði heildaryfirlit yfir viðskipti og þjónustu við borgarstofnanir, málaflokka og fyrirtæki borgarinnar, sbr. 2. gr. Jafnframt skal innkaupaskrifstofa veita innkaupa- og framkvæmdaráði upplýsingar um eftirlit skrifstofunnar með innkaupamálum.

Kaupendur skulu senda umbeðnar upplýsingar til innkaupa- og framkvæmdaráðs eða annarra eftirlitsaðila sé þess óskað.

Innkaupaskrifstofa skal gera eftirlitsáætlun þar sem skilgreint er með hverju á að hafa eftirlit og hvernig framkvæmd skuli háttáð. Eftirlitsáætlunina skal kynna innkaupa- og framkvæmdaráði. Árlega skal innkaupaskrifstofa skila inn skýrslu til innkaupa- og framkvæmdaráðs þar sem framkvæmd eftirlitsáætlunar er metin.

8. gr.

Eftirlit með innkaupum og framkvæmdum

Kaupendur skulu senda innkaupaskrifstofu beiðni um heimild til að viðhafa bein innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum 14. gr. Bein innkaup eru innkaup án undanfarandi innkaupaferils skv. 17. gr. Beiðninni skal fylgja kostnaðaráætlun og staðfesting á fjárheimild. Óska skal eftir samþykki innkaupa- og framkvæmdaráðs fyrirfram þegar bein kaup eru áætluð yfir viðmiðunarfjárhæðum þessara reglna. Séu fyrirhuguð innkaup samþykkt úthlutar innkaupaskrifstofa þar til gerðu númeri. Númer þetta skal skráð á alla reikninga sem berast vegna kaupana og einnig skal númerið skráð á yfirlit sem skilað er til innkaupa- og framkvæmdaráðs.

Kaupandi sem óskar eftir því að borgaráð samþykki viðauka við fjárheimildir skal senda tilkynningu til innkaupa- og framkvæmdaráðs til upplýsingar þegar viðaukinn hefur verið samþykktur í borgarráði. Fjármálaskrifstofa sendir innkaupaskrifstofu yfirlit yfir samþykktu viðauka ársfjórðungslega.

Kaupandi skal í upphafi árs senda innkaupa- og framkvæmdaráði fjárfestinga- og fjárhagsáætlun sviða og skrifstofa. Fjármálaskrifstofa hefur umsjón með að samræma sniðmát í fjárhagskerfi til birtingar þessara upplýsinga.

Fjármálaskrifstofa skal ársfjórðungslega senda innkaupa- og framkvæmdaráði yfirlit yfir frávík frá samþykktum fjárheimildum.

Innkaupa- og framkvæmdaráð skal fara yfir allar upplýsingar og yfirlit sem þeim berast og beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara til sviðsstjóra og viðkomandi fagráðs. Innkaupa- og framkvæmdaráð getur óskað eftir nánari upplýsingum eða skýrslum um innkaup frá sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar þegar ástæða þykir til og þá getur ráðið einnig boðað sviðsstjóra eða fulltrúa þeirra til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum.

Innkaupa- og framkvæmdaráði hefur heimild til krefja kaupanda um að stöðva framkvæmd samnings tímabundið ef ekki liggur skýrt fyrir að samningi hafi verið komið á í samræmi við innkaupareglur og / eða ef fjárheimildir eru ekki fyrir hendi. Berist ekki upplýsingar til innkaupa- og framkvæmdaráðs innan 72 klst. frá því beiðni um upplýsingar berst skal innkaupa- og

framkvæmdaráð leggja til við borgarráð að kaupandi stöðvi framkvæmdir þar til innkaupa- og framkvæmdaráð hefur aflétt tímabundinni stöðvun.

Innkaupa- og framkvæmdaráð hefur eftirlit með framgangi þeirra verkefna sem samþykkt eru í fjárfestingaráætlun með eftirfarandi hætti:

- a. Á fundi ráðsins skal eignaskrifstofa kynna verkefni fjárfestingaráætlunar eða tíma- og kostnaðaráætlunum.
- b. Á fundi ráðsins skal ársfjórðungslega leggja fram framvinduskýrslu vegna verkefna fjárfestingaráætlunar þar sem fram kemur hver er ábyrgðaraðili verkefnis, samþykkt kostnaðaráætlun, áfallinn heildarkostnaður, áfallinn kostnaður innan árs og framvinda verkefnis samanborið við áætlun.
- c. Á fundi ráðsins skal leggja fram upplýsingar og skýrslur fyrir einstök verkefni sem ráðið óskar eftir.
- d. Á fundi ráðsins skal leggja fram skilagreinar vegna útboðsverka og skilamöt verkefna eftir því sem við á.

Verði innkaupa- og framkvæmdaráð þess áskynja að það alvarlegir ágallar séu á meðferð innkaupamáls að þörf sé á íhlutun, vísar ráðið því til borgarráðs með tillögu að afgreiðslu.

9. gr.

Samræming innkaupa

Innkaupaskrifstofa skal standa vörð um að hagkvæmni sé gætt í innkaupum Reykjavíkurborgar m.a. með því að gera miðlæga samninga, svo sem rammasamninga, þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem kaupendur Reykjavíkurborgar hafa almennt not fyrir. Við gerð miðlægra samninga skal innkaupaskrifstofa taka mið af því innkaupafyrirkomulagi sem er til staðar hjá viðkomandi kaupendum.

Innkaupaskrifstofa ber ábyrgð á að leggja fram tillögur til sviðsstjóra sem miða að því að gera innkaup innan miðlægra samninga hagkvæmari. Kaupandi ber ábyrgð á því að samræma innkaup innan síns sviðs með tilliti tilhagkvæmni í samræmi við tillögur innkaupaskrifstofu.

10. gr.

Samningar sem innkaupareglur Reykjavíkurborgar taka til

Innkaupareglur þessar taka til skriflegra samninga um fjárhagslegt endurgjald sem Reykjavíkurborg gerir við eitt eða fleiri fyrirtæki og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi reglna þessara. Til verksamninga teljast samningar sem hafa að markmiði framkvæmd, eða framkvæmd og hönnun, á verkum, annars vegar sem hér eru nefnd í lokamálslið þessar málsgreinar og hins vegar verkum, eða framkvæmd verks, með hvers konar aðferðum, sem svara eiga til krafna sem kaupandi hefur sett fram. Með verki í þessum skilningi er átt við afrakstur mannvirkjagerðar eða verkfræðilegra aðferða sem getur, sem slíkur, þjónað efnahagslegu eða tæknilegu hlutverki.

Dæmi um verksamninga eru samningar um gerð nýbygginga, gatna, lagna, steypra kantsteina, sparkgerða, aðalstíga, malbiksyfirlagninga, samningar um jarðvinnu, dúkalagningu, flísalagningu, uppsetningu loftræstikerfa og innréttinga og málun mannvirkja. Til vörusamninga teljast aðrir samningar en ræðir um í 2. mgr. sem hafa að markmiði kaup, leigu eða fjármögnunarleigu, með eða án kaupréttar, á vörum. Samningur sem felur í sér tilfallandi ísetningu eða uppsetningu vöru telst vörusamningur.

Til þjónustusamninga teljast samningar sem ekki eru verk- eða vörusamningar og hafa að markmiði veitingu þjónustu, svo sem viðhalds- og viðgerðarþjónustu, fjarskiptaþjónustu, fjármálaþjónustu, váttryggingaþjónustu, tölvuþjónustu, arkitekta- og verkfræðiþjónustu, grasslátt og sörp- og hreinlætisþjónustu. Ef samningur nær bæði til kaupa á vöru og þjónustu skal hann teljast þjónustusamningur ef sá þáttur samningsins sem lýtur að þjónustu nemur hærri fjárhæð en vöruþátturinn. Samningur sem hefur að markmiði veitingu þjónustu og felur í sér tilfallandi verk með hliðsjón af meginmarkmiði samningsins, skal teljast þjónustusamningur.

Um skilgreiningar á einstökum samningsgerðum vísast að öðru leyti til laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

11. gr.

Ábyrg innkaup

Kaupandi skal framkvæma innkaup á eins ábyrgan og umhverfsvænan hátt og unnt er hverju sinni. Meta skal möguleika þess að framkvæma fyrirhuguð innkaup í samræmi við gildandi stefnur Reykjavíkurborgar, eins og umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og aðrar stefnur einstakra sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar.

Að jafnaði skal kaupandi skrá niðurstöður slíks mats og getur innkaupaskrifstofa, fyrir hönd innkaupa- og framkvæmdaráðs, óskað eftir að kaupandi sýni fram á að það hafi verið gert.

12. gr.

Áætlun fjárhæða innkaupa

Á undirbúningsstigi innkaupa skal kaupandi gera kostnaðaráætlun um fyrirhuguð innkaup. Við útreikning á áætlun virði samnings skal miða við þá heildarfjárhæð sem kaupandi kemur til með að greiða fyrir innkaup að frátöldum virðisaukaskatti, þ.m.t. aðföng sem kaupandi lætur bjóðanda í té, flutningur vöru og þóknun og annað það sem kaupandi leggur til og metið verður til fjár. Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin er send til opinberrar birtingar. Við þennan útreikning skal finna mögulega hámarks heildarfjárhæð fyrirhugaðs samnings, þar með talið hvers konar valfrjáls ákvæði og allar hugsanlegrar endurnýjunar og/ eða framlengingar samnings. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarvirði allra áfanga. Skila skal kostnaðaráætlun til innkaupaskrifstofu áður en innkaupaferli er auglýst eða verðfyrirspurnargögn send út.

Óheimilt er að skipta upp verki eða innkaupum á vöru og/eða þjónustu í því skyni að innkaup verði undir viðmiðunarfjárhæðum 14. gr. þessara reglna eða laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

II. kafli

Innkaupaferli

13. gr.

Miðlægir samningar

Innkaupaaðilum Reykjavíkurborgar er skylt að kaupa inn á grundvelli þeirra miðlægu samninga sem í gildi eru fyrir öll svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar. Áður en innkaupaferli hefst skal kanna hvort miðlægir samningar séu fyrir hendi sem ná yfir fyrirhuguð innkaup. Innkaupaskrifstofa annast gerð miðlægra samninga, sbr. 9. gr. þessara reglna, og birtingu þeirra samninga á innri vef Reykjavíkurborgar.

Miðlægir samningar geta hvort sem er verið rammasamningar eða hvers konar aðrir samningar sem ætlaðir eru til miðlægrar notkunar hjá Reykjavíkurborg.

14. gr.

Skylda til innkaupa á grundvelli innkaupaferils

Samkvæmt innkaupastefnu Reykjavíkurborgar er meginreglan sú að beitt skuli tilteknum innkaupaferlum við innkaup Reykjavíkurborgar. Innkaupaferli eru nánar útlistuð í 17. gr.

Gera skal verðfyrirspurn, sbr. 19. gr. eða beita öðrum innkaupaferlum, þegar áætluð fjárhæð innkaupa án virðisaukaskatts er á eftirtöldum verðbilum:

- vegna verklegrar framkvæmdar á bilinu ~~10.000.000~~— kr. 30.000.000,- ~~kr.~~ án vsk. og allt að viðmiðunarfjárhæð fyrir útboðsskyldu fyrir verklegar framkvæmdir innanlands, eins og hún er ákvörðuð samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup hverju sinni.

- vegna kaupa á vöru og þjónustu á bilinu ~~5.000.000–15.500.000~~ kr. 10.000.000,- kr. án vsk. og allt að viðmiðunarfjárhæð fyrir útboðsskyldu kaupa á vöru og þjónustu innanlands, eins og hún er ákvörðuð samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup hverju sinni.

Skylt er að viðhafa innkaupaferli, annað en verðfyrirspurn, þegar áætluð samningsfjárhæð án virðisaukaskatts er yfir viðmiðunarfjárhæð um útboðsskyldu innanlands, eins og hún er ákvörðuð hverju sinni samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup. ~~nær eftirtöldum fjárhæðum:~~

- ~~vegna verklegrar framkvæmdar yfir kr. 30.000.000 án vsk.~~
- ~~vegna kaupa á vöru og þjónustu yfir kr. 15.500.000 án vsk.~~

Vegna innkaupa sem falla undir 16. gr. er ekki skylt að framkvæma verðfyrirspurn eða beita öðru innkaupaferli þegar áætluð fjárhæð innkaupa án virðisaukaskatts er undir viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup hverju sinni. Ætíð er þó heimilt að beita slíkum innkaupaaðferðum.

Innkaupa- og framkvæmdaráð endurskoðar viðmiðunarfjárhæðir, sbr. 2. og 3. mgr., að jafnaði á tveggja ára fresti og gerir tillögur til borgarráðs um breytingar á þeim ef það telur þörf á.

Við innkaup undir ofangreindum viðmiðunarfjárhæðum skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður skriflega eða með rafrænni aðferð. Við þessu innkaup skal virða jafnræðisreglu 3. mgr. 1. gr. reglnanna. Heimilt er að leita til innkaupaskrifstofu um þjónustu og ráðgjöf þótt innkaupafjárhæð sé undir framangreindum viðmiðunarmörkum. Komi í ljós við samanburð meðal fyrirtækja að fyrirhuguð innkaup eru yfir kostnaðaráætlun og/eða viðmiðunarfjárhæðum skal kaupandi leita ráðgjafar innkaupaskrifstofu áður en samningur kemst á. Kaupandi skal fá staðfestingu frá viðsemjanda sínum um að hann sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrissjóðsiðgjöld.

Ef ekkert tilboð berst að loknu innkaupaferli skv. reglum þessum eða öll tilboð reynast ógild, óaðgengileg eða ófullnægjandi, t.d. ef þau eru hærri en kostnaðaráætlun, tilboð berast of seint, eða enginn uppfyllir hæfisskilyrði útboðsgagna, er kaupanda heimilt að beita samkeppnisútboði samkeppnisviðræðum eða samningskaupum, eftir því sem við á, að fengnu samþykki innkaupaskrifstofu sé fjárhæð innkaupanna yfir viðmiðunarmörkum sbr. 37. gr. reglna þessara.

15. gr.

Samningar sem sérstaklega eru undanskildir gildissviði reglnanna

Ákvæði reglna þessara gilda ekki um þjónustusamninga um:

- a. Kaup eða leigu, gegn hvers konar fjárhagslegu endurgjaldi, á jörð, byggingum sem þegar hafa verið reistar eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir þeim.
- b. Kaup, þróun og framleiðslu á dagskrárefni fyrir útvarp og sjónvarp eða samninga um útsendingartíma.
- c. Gerðardóma og sáttameðferðir.
- d. Málflutning lögmanns fyrir hönd skjólstaðings eða sáttumleitan fyrir opinberum stofnunum, dómstólum eða gerðardómi eða fyrir öðrum alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum.
- e. Lögfræðiráðgjöf sem veitt er við undirbúning málsmeðferðar skv. d-lið.
- f. Lögfræðiþjónustu sem fjárhaldsmaður eða talsmaður skipaður af dómstól eða undir eftirliti dómstóls veitir lögum samkvæmt.
- g. Vottun skjala og sannvottunarþjónustu sem lögbókandi veitir.
- h. Aðra lögfræðiþjónustu sem tengist beitingu opinbers valds.
- i. Fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum fjármálagerningum.
- j. Lán, hvort sem þau eru eða eru ekki í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum.
- k. Vinnusamninga.
- l. Almannavarnir og aðra forvarnaþjónustu gegn hættum sem stofnanir eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, veita, að undanskildum flutningi sjúklinga með sjúkraflutningsþjónustu.

- m. Almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum.
- n. Þjónustu veitta stjórnmalaflokki í tengslum við kosningabaráttu.
- o. Rannsókn og þróun á þjónustu, að frátöldum samningum þar sem kaupendur bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.

Jafnframt gilda ákvæði reglna þessara ekki um eftirfarandi, að öðru leyti en hvað varðar hlutverk innkaupa- og framkvæmdaráðs og innkaupaskrifstofu eins og þau eru skilgreind í þessum reglum:

- a. samninga aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu, sbr. veitureglugerð nr. 340/2017.
- b. samninga á sviði rafrænna fjarskiptaneta ætluð almenningi, sbr. 10. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.
- c. samninga sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar eða sérleyfis.
- d. opinbera samninga milli opinberra aðila.

Við skýringu á því hvaða samningar falla undir framangreint vísast til viðeigandi ákvæða laga um opinber innkaup.

16. gr.

Gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu.

Við gerð opinberra samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu, eins og slík þjónusta er skilgreind í lögum um opinber innkaup og reglum settum skv. þeim, getur innkaupaskrifstofa eða innkaupa- og framkvæmdaráð heimilað kaupendum að víkja frá þeim innkaupaferlum sem tilgreindir eru í 17. gr.

Ef virði samnings er yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 14. gr. og undir viðmiðunarfjárhæðum VIII. kafla laga um opinber innkaup skal kaupandi afla staðfestingar innkaupaskrifstofu á því að efni samnings falli undir þessa grein. Ef virði samnings er yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. VIII. kafla laga um opinber innkaup skal kaupandi afla samþykkis innkaupa- og framkvæmdaráðs fyrirfram að fenginni staðfestingu innkaupaskrifstofu á því að efni samninga falli undir þessa grein. Að fengnu samþykki innkaupa- og framkvæmdaráðs skal auglýsa fyrirætlan um samningsgerð og framkvæma gerð samnings í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga um opinber innkaup.

Innkaupaskrifstofa skal hafa umsjón með birtingu auglýsinga vegna samninga yfir viðmiðunarfjárhæðum laga.

Jafnframt er heimilt að ákveða hvernig staðið skuli að framkvæmd verks eða veitingu þjónustu samkvæmt þessari grein, einkum til að tryggja hátt gæðastig, öryggi og viðráðanlegt verð, jafna meðferð og stuðla að almennum aðgangi og réttindum notenda í tengslum við opinbera þjónustu. Af þeim sökum hafa ákvæði þessara reglna ekki áhrif á svigrúm kaupanda til að skilgreina þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hvernig skipuleggja skuli þessa þjónustu og fjármagna hana. Þá taka reglur þessar ekki til þjónustu í almannabágu sem er ekki efnahagslegum toga.

Um skilgreiningu á því hvaða þjónusta fellur undir grein þessa vísast til reglugerðar nr. 1000/2016, eða reglugerða sem taka við af henni, ásamt síðari breytingum.

Dæmi um þjónustu sem falla undir grein þessa eru; velferðarþjónusta, rekstur áfangaheimila, rekstur dagvistunarúrræða, fræðslustarfsemi og menningartengd þjónusta.

17. gr.

Innkaupaferli

Við innkaup Reykjavíkurborgar undir viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup er kaupendum heimilt að beita eftirtöldum innkaupaferlum:

- Almennt útboð
- Lokað útboð að undangengnu forvali
- Verðfyrirspurn

Ávallt skal afla samþykkis innkaupaskrifstofu fyrir vali á innkaupaferli, eigi að beita öðru innkaupaferli en almennu útboði eða verðfyrirspurn. Telji kaupandi framangreind innkaupaferli

ekki henta hagsmunum sínum er honum heimilt að beita eftirtöldum innkaupaferlum enda liggi fyrir samþykki innkaupaskrifstofu:

- Samkeppnisútboði
- Samkeppnisviðræðum
- Nýsköpunarsamstarfi
- Örutboð innan rammisamnings
- Hönnunarsamkeppni

Innkaupaskrifstofa leiðbeinir einstökum kaupendum innan Reykjavíkurborgar um val á innkaupaferli. Eins getur innkaupaskrifstofa heimilað samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar að uppfylltum skilyrðum 26. gr.

Við framkvæmd innkaupaferla skal höfð hliðsjón af ákvæðum laga um opinber innkaup um framkvæmd viðkomandi innkaupaferlis.

18. gr.

Almennt útboð

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað skal að jafnaði viðhafa almennt útboð.

19. gr.

Lokað útboð

Þegar almennu útboði verður ekki við komið, það þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi er heimilt að viðhafa lokað útboð. Skal lokað útboð viðhaft að undangengnu forvali nema innkaupa- og framkvæmdaráð hafi fyrirfram veitt samþykki fyrir að lokað útboð án forvals fari fram.

20. gr.

Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, samkeppnisútboði, samkeppnisviðræðum og nýsköpunarsamstarfi skal auglýsa tilkynningu um forval með áberandi hætti þannig að öll áhugasöm fyrirtæki geti tekið þátt í forvalinu.

Í auglýsingu skulu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að fyrirtæki geti tekið afstöðu til þess hvort þau hygðast taka þátt í forvali og eftirfarandi ferli.

Í forvali vegna lokaðs útboðs skulu þátttakendur sem valdir eru til að leggja fram tilboð ekki vera færri en fimm. Í forvali vegna samkeppnisútboðs, samkeppnisviðræðna og nýsköpunarsamstarfs skulu þátttakendur ekki vera færri en þrjú.

Ef ekki er fyrir hendi nægjanlegur fjöldi þátttakenda sem fullnægir skilyrðum forvals til að vera valinn, eða ekki er fyrir hendi nægjanlegur fjöldi þátttakenda sem fullnægir kröfum um getu, er heimilt að halda innkaupaferli áfram með því að gefa þeim sem fullnægðu þessum kröfum kost á að taka þátt í ferlinu.

Í forvalsgögnum skal þess krafist að umsækjendur leggi fram upplýsingar sem sýna getu þeirra til að taka að sér verkefnið, sbr. m.a. 33. gr. þessara reglna. Þannig skal í forvalsgögnum koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig verði staðið að vali á þátttakendum. Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í lokuðu útboði, samkeppni eða samningskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt enda liggi fyrir í forvalsgögnum með hvaða hætti kaupandi hygðast velja þátttakendur.

21. gr.

Lokað útboð án forvals

Samþykki innkaupa- og framkvæmdaráðs þarf til að viðhafa lokað útboð meðal valdra bjóðenda, án forvals, enda liggi málefnalegar og gildar ástæður því að baki.

22. gr.

Verðfyrirspurnir

Verðfyrirspurn er framkvæmd til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Tilboða skal afla á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Innkaupaskrifstofu er heimilt að senda út verðfyrirspurnir og taka við tilboðum í verðfyrirspurnir með símbrefi og/eða tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Opnun tilboða, á tilsettum opnunartíma, skal skráð af starfsmönnum innkaupaskrifstofu. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði. Tilboð skulu vera óbindandi og samningssamband skal ekki komast á nema með undirritun samnings eða pöntun.

23. gr.

Samkeppnisútboð og samkeppnisviðræður

Samkeppnisútboð og samkeppnisviðræður er heimilt að nota t.d. ef ekkert tilboð berst í almennum eða lokuðu útboði, engin tilboð uppfylla skilmála almenns eða lokaðs útboðs, ef aðlaga þarf lausnir sem fyrir hendi eru, innkaup fela í sér hönnun eða nýsköpun, ekki er unnt að skilgreina tæknilýsingar af nægilegri nákvæmni eða ef samningur er flókin, áhættusamur eða sérstakur og ekki er hægt að gera hann án samningsviðræðna. Skyld er að skrásetja framgang ferilsins og vista öll skjöl. Tryggja verður jafnræði þátttakenda í ferlinu.

Í samkeppnisútboði eru lágmarkskröfur og valforsendur settar fram í byrjun. Eftir hæfismiðað val á þátttakendum stýrir kaupandi viðræðum, í samráði við innkaupaskrifstofu, ef þær fara fram. Tilgreina þarf í útboðsgögnum hvernig viðræður munu fara fram og einnig allan áskilnað um svigrúm í ferlinu. Þannig er hægt að gera áskilnað um að viðræður muni ekki fara fram, tæknilýsingar verði aðlagðar og að þátttakendum verði fækkað.

24. gr.

Samkeppnisviðræður

Samkeppnisviðræður er m.a. heimilt að nota í sömu tilvikum og tilgreind eru í 1. mgr. 23. gr. þessara reglna. Áhersla er lögð á að tryggja jafnræði bjóðenda í hverju skrefi viðræðna sem og skrásetningu samskipta og vistun allra skjala sem til verða í ferlinu.

Í samkeppnisviðræðum fara fram viðræður, sem kaupandi stýrir í samráði við innkaupaskrifstofu, við þau fyrirtæki sem standast hæfismiðað val. Markmið viðræðna er að þróa einn eða fleiri valkosti sem mætt geta þörfum og kröfum kaupandans eins og þær liggja fyrir þegar þátttakendum er boðið að leggja fram tilboð.

Þegar kaupandi lýsir viðræðum lokið og tilkynnir þátttakendum býður hann jafnframt þátttakendum að leggja fram endanleg tilboð með hliðsjón af þeirri lausn eða lausnum sem kynntar hafa verið og skýrðar meðan á viðræðum stóð. Þessi tilboð skulu hafa að geyma öll þau atriði sem nauðsynleg eru til að hrinda samningi í framkvæmd.

Kaupanda er heimilt að halda áfram viðræðum við þann þátttakanda sem hefur lagt fram það tilboð sem hefur best hlutfall milli verðs og gæða til að staðfesta skuldbindingar sem felast í tilboðinu. Bjóðendum skal vera heimilt að skýra, skilgreina og laga til tilboð sín eftir beiðni kaupanda. Slíkar skýringar, skilgreiningar og lagfæringar eða viðbótarupplýsingar mega þó ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs, eða tilkynningu til bjóðenda um að gera tilboð, þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

25. gr.

Nýsköpunarsamstarf

Með nýsköpunarsamstarfi er komið á samstarfi milli kaupanda og bjóðenda með það að markmiði að þróa nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verk. Heimilt er að stofna til nýsköpunarsamstarfs ef þörf kaupanda verður ekki uppfyllt með lausnum sem fyrir eru á markaði. Skyld er að skrásetja framgang ferilsins og vista öll skjöl. Tryggja verður jafnræði þátttakenda í ferlinu.

Nýsköpun getur t.d. verið þróun nýrrar eða verulegra bættrar vöru, þjónustu eða ferlis, s.s við framleiðsluferli, byggingarferli, þróun nýrra markaðssetningaraðferða eða nýja skipulagsaðferð í viðskiptaháttum, skipulagi vinnustaða eða ytri samskiptum sem og nýjungar sem styðja við samfélagsleg verkefni eða áætlanir um sjálfbærar hagvöxt. Í ferlinu er heimilt að ákveða áfangamarkmið þar sem greiðsla þóknunar er tengd tilteknum áfanga. Einnig er heimilt að slíta samstarfi eða fækka samstarfsaðilum skv. forsendum útboðsgagna. Skilyrði er að unnt sé að afhenda afurðina á því nothæfisstigi og fyrir þann kostnað sem samið var um í upphafi.

26. gr.

Samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar

Samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar eru heimil í eftirfarandi tilvikum án tillits til þess hvort um er að ræða innkaup á verki, vöru eða þjónustu:

- Þegar engin tilboð, engin fullnægjandi tilboð, engar tilkynningar um þátttöku eða engar fullnægjandi tilkynningar um þátttöku berast vegna almenns eða lokaðs útboðs, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna. Tilboð telst ekki fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við samninginn og dugar bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum kaupanda eða kröfum eins og þær eru tilgreindar í útboðsgögnum. Þáttökutilkynning telst ekki fullnægjandi ef viðkomandi fyrirtæki skal útilokað eða uppfylli ekki hæfiskröfur skv. 33.gr. reglnanna.
- Þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af listrænum ástæðum þar sem um er að ræða einstakt listaverk eða listflutning, ekki er um samkeppni að ræða af tæknilegum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.
- Þegar innkaup eru algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands sem stafar af ófyrirsjáanlegum atburðum og ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samkeppnisútboði. Þær aðstæður sem vísað er til sem aðkallandi neyðarástands mega ekki vera á ábyrgð kaupanda.

Við innkaup á vörum eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar heimil þegar um er að ræða:

- Vörur sem eingöngu eru framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar. Þetta nær þó ekki til fjöldaframleiðslu sem ætlað er að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.
- Viðbótarvörur sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýjum bjóðanda mundi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald. Slíkir samningar, svo og endurnýjaðir samningar, skulu að jafnaði ekki gilda lengur en þrjú ár.
- Vörur sem skráðar eru og keyptar í kauphöll.
- Vörur sem eru á sérlega góðum kjörum, annaðhvort frá seljanda sem er að hætta starfsemi eða frá skiptastjóra þrotabús eða fyrirtæki sem er í greiðslustöðvun eða nauðasamningum.

Við innkaup á þjónustu eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar heimil þegar gera á samning eftir samkeppni um hönnun þegar kveðið er á um að skylt sé að semja við þá þátttakendur, einn eða fleiri, sem sigruðu í keppninni. Ef um fleiri sigurvegara er að ræða er skylt að bjóða öllum sem sigra í hönnunarsamkeppni að taka þátt í viðræðum.

Við innkaup á verki eða þjónustu eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar heimil þegar um er að ræða nýtt verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á sambærilegu verki eða þjónustu og sami kaupandi hefur áður samið um við fyrirtæki í innkaupaferli, enda séu þessi verk eða þjónusta í samræmi við þá upprunalegu áætlun sem upphaflegi samningurinn kvað á um. Þegar innkaupaferli fer fram á grundvelli upprunalegrar áætlunar skal taka fram að þessari aðferð við innkaup kunni að verða beitt og skal taka mið af áætluðum kostnaði við þessi verk eða þjónustu þegar viðmiðunarfjárhæð er reiknuð út, sbr. 12. gr. reglnanna um gerð kostnaðaráætlunar.

Þessari innkaupaaðferð má aðeins beita innan þriggja ára frá því að upphaflegur samningur var gerður.

Fyrirætlun um gerð beinna samninga án útboðsauglýsingar ber að tilkynna á vefsvæði Reykjavíkurborgar. Í tilkynningunni þarf að koma fram við hvern verður samið, efni samnings og að samningur verði gerður að liðnum 12 dögum frá birtingu tilkynningar að telja.

27. gr.

Rammasamningar

Rammasamninga skal gera í samræmi við þau innkaupaferli sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til, enda séu slík frávik tilgreind í útboðsgögnum.

Við gerð einstakra samninga á grundvelli rammasamnings er óheimilt að gera verulegar breytingar á skilmálum rammasamnings, einkum þegar um er að ræða rammasamning sem um ræðir í 4. mgr.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem helgast af málefnalegum ástæðum, einkum þeim sem tengjast efni rammasamningsins. Kaupanda er óheimilt að misnota rammasamning eða nota hann til að koma í veg fyrir, takmarka eða hindra samkeppni.

Ef skilmálar rammasamnings eru ákveðnir er heimilt að gera einstaka samninga við rammasamningshafa í samræmi við ákvæði rammasamnings. Ef skilmálar rammasamnings eru að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram örútbod milli rammasamningshafa, eftir atvikum eftir að skilmálar eða tæknilegar kröfur hafa verið skýrðar nánar, allt í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a. Við gerð hvers einstaks samnings skal kaupandi ráðfæra sig skriflega við þá rammasamningshafa sem efnt gætu samninginn.
- b. Kaupandi skal ákveða tilboðsfrest sem er nægilega langur til að rammasamningshafar geti gert tilboð vegna þess samnings sem um er að ræða. Við mat á lengd frests skal taka tillit til hversu flókið efni samningsins er svo og sendingartíma.
- c. Tilboð rammasamningshafa skulu vera skrifleg og efni þeirra skal vera trúnaðarmál þar til tilboðsfrestur hefur runnið út.
- d. Kaupandi skal velja á milli tilboða rammasamningshafa á grundvelli valforsendna sem fram hafa komið í skilmálum rammasamnings.

28. gr.

Opnir rammasamningar

Opinn rammasamning, eða gagnvirkt innkaupakerfi skv. 41. gr. laga um opinber innkaup, skal gera í samræmi við þau innkaupaferli sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Þeir aðilar sem sækja um aðild að opnum rammasamningi og uppfylla hæfiskröfur útboðsgagna geta orðið aðilar að honum hvenær sem er á gildistíma hans. Tilgreina skal gildistíma fyrirhugaðs opins rammasamnings í útboðsauglýsingu. Ekki er heimilt að heimta gjald vegna umsókna um aðild að innkaupakerfi eða aðildar að því.

Innkaup innan opins rammasamnings skulu framkvæmd með lokuðu útboði í samræmi við þær reglur sem um slík útboð gilda. Öll samskipti og tilboðsgerð innan rammasamningsins skulu fara fram með rafrænum hætti.

Heimilt er að skipta opnum rammasamningi niður í flokka vara, verka og þjónustu sem eru hlutlægt skilgreind á grundvelli eiginleika innkaupa innan viðkomandi flokks. Ef innkaupakerfinu er skipt niður í flokka skal tilgreina gildandi valforsendur fyrir hvern flokk.

Við gerð opins rammasamnings skal:

- a. Birta opinberlega útboðsauglýsingu þar sem fram kemur að um opinn rammasamning sé að ræða.

- b. Tilgreina m.a. í útboðsskilmálum eðli innkaupa samkvæmt kerfinu ásamt áætluðu magni af fyrirhuguðum innkaupum auk nauðsynlegra upplýsinga um kerfið, þann rafræna búnað sem nota á ásamt tæknilegu fyrirkomulagi varðandi tengingu við kerfið og tæknilýsingar í því sambandi.
- c. Tilgreina skiptingu niður í flokka vara, verka eða þjónustu og þá eiginleika sem skilgreina hvern flokk.
- d. Veita með rafrænum aðferðum ótakmarkaðan, beinan og fullan aðgang að útboðsskilmálum og öðrum hugsanlegum útboðsgögnum frá og með birtingu útboðsauglýsingar og til þess tíma þegar kerfið fellur úr gildi. Kaupandi skal í tilkynningu tilgreina vefslóð þar sem hægt er að nálgast umrædd gögn.

Taka skal afstöðu til þess hvort þátttökutilkynning uppfylli skilyrði innan tíu daga frá viðtöku hennar. Þó er heimilt að lengja frestinn í 15 daga í sérstökum rökstuddum tilvikum. Þá er einnig heimilt að framlengja þennan frest svo framarlega sem engin tilboð berast á sama tíma. Tilgreina skal tímalengd á framlengdum fresti í útboðsgögnum. Upplýsa skal fyrirtæki eins fljótt og kostur er um hvort það hafi fengið aðgang að opnum rammasamningi eða ekki.

Við einstök innkaup innan opins rammasamnings skal öllum fyrirtækjum sem aðild hafa fengið að rammasamningnum boðið að leggja fram tilboð. Hafi samningnum verið skipt niður í flokka vara, verka eða þjónustu skal kaupandi bjóða öllum fyrirtækjum að leggja fram tilboð sem fengið hafa aðgang að þeim flokki sem svarar til hinna tilteknu innkaupa. Gefa skal minnst tíu almanaksdaga til að leggja fram tilboð. Grundvalla skal val tilboðs á hagkvæmasta tilboði samkvæmt forsendum fyrir vali tilboðs sem fram komu í útboðsauglýsingu samningsins. Þessar forsendur má skilgreina nánar í boði um að leggja fram tilboð.

Hvenær sem er á gildistíma opins rammasamnings er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki sem fengið hefur aðild að gagnvirku innkaupakerfi leggi fram endurnýjaða og uppfærða hæfisyfirlýsingu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga um opinber innkaup, innan fimm virkra daga frá þeim degi þegar beiðni um það var lögð fram.

29. gr.

Hönnunarsamkeppni

Ákvæði þessarar greinar gilda um hönnunarsamkeppni þar sem samanlagt virði verðlauna og/eða annarra greiðslna til þátttakanda er yfir viðmiðunarfjárhæðum um útboðsskyldu vegna þjónustukaupa skv. 14. gr.

Þegar hönnunarsamkeppni er haldin sem liður í kaupum á þjónustu skal taka tillit til heildarvirðis samnings, án virðisaukaskatts, auk þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. mgr. Þegar hönnunarsamkeppni er haldin og kaupandi hefur ekki afsalað sér heimild til að gera þjónustusamning með samningskaupum skv. 3. mgr. 26. gr. að aflokinni hönnunarsamkeppni skal einnig taka tillit til heildarvirðis mögulegs þjónustusamnings, með virðisaukaskatti, auk þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. mgr.

Birta skal opinberlega auglýsingu um fyrirhugaða hugmyndasamkeppni. Í auglýsingu eða skýringargögnum, sem vísað er til í auglýsingu, skulu koma fram upplýsingar um tilhögun keppinnar, forsendur fyrir vali þátttakanda, ef fjöldi þeirra er takmarkaður, og forsendur fyrir vali áætlunar eða tillögu. Við gerð auglýsingar og birtingu skal að öðru leyti farið eftir reglum um útboðsauglýsingar og birtingu þeirra, eftir því sem við á.

Ef ákveðið er að takmarka fjölda þátttakanda í hönnunarsamkeppni við ákveðinn fjölda skal gæta jafnræðis með því að setja fram málefnalegar forsendur fyrir vali þátttakanda. Fjöldi þátttakanda skal alltaf vera nægilegur til að tryggja raunhæfa samkeppni.

Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppni. Þar sem tiltekinnar menntunar eða starfshæfni er krafist af þátttakendum skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa þá menntun eða sambærilega starfshæfni.

Dómnefnd skal vera sjálfstæð í ákvörðunum og áliti sínu. Hún skal kanna áætlanir og tillögur, sem þátttakendur leggja fram, eingöngu á grundvelli forsendna sem eru tilgreindar í tilkynningu um samkeppni, sbr. 3. mgr. Dómnefnd skal færa fundargerð, sem allir dómnefndarmenn skulu undirrita, þar sem fram kemur mat á hverri tillögu ásamt athugasemdum eða atriðum sem talin eru þarfnast skýringar. Heimilt er að gefa þátttakendum kost á að svara spurningum sem dómnefnd hefur áður fært til bókar í því skyni að skýra atriði í tillögu. Spurningar dómnefndar og svör þátttakenda skulu koma fram í endanlegri fundargerð dómnefndar.

30. gr.

Framhaldskaup og samningsviðaukar

Þegar kaupanda verks, vöru eða þjónustu þykir sýnt að æskilegt eða nauðsynlegt sé að gera viðauka við tiltekinn verk-, þjónustu- eða vörukaupasamning og áætluð innkaupafjárhæð vegna slíkra viðauka er án virðisaukaskatti hærrí en:

- 10 m.kr. þegar um verklegar framkvæmdir ræðir,
- 5 m.kr. þegar um vöru- eða þjónustukaup er að ræða,

skal kaupandi afla samþykkis innkaupa- og framkvæmdaráðs fyrirfram. Sama gildir, að breyttu breytanda, um kaup á grundvelli eldri pantana eða eldri verðtilboða. Sömuleiðis skal afla samþykkis innkaupa- og framkvæmdaráðs ef heildarupphæð samnings, þ.e. upphafleg samningsfjárhæð að viðbætti fjárhæð á grundvelli viðbótarsamnings, fer yfir viðmiðanir skv. 2. mgr. 37. gr., hafi upphaflegur samningur ekki áður farið fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð til samþykkis.

Gera skal sérstaka kostnaðaráætlun fyrir viðbótarverk og afla þeim sjálfstæðra fjárheimilda. Viðbótarverk skal merkt með eigin auðkennisnúmeri sem rekjanlegt er til verknúmers aðalverks.

III. kafli

Kröfur til gagna og bjóðenda og mat á tilboðum

31. gr.

Útboðsgögn og frestir

Til útboðsgagna teljast þau skjöl sem kaupandi lætur í té eða vísar til í formlegu innkaupaverfi, sbr. 17. gr. Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð.

Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

32. gr.

Frávikstilboð

Kaupandi getur heimilað eða krafist þess að bjóðandi leggi fram frávikstilboð. Kaupandi skal tilgreina í útboðsgögnum hvort hann heimilar eða krefst þess að lagt verði fram frávikstilboð, en að öðrum kosti eru þau óheimil. Frávikstilboð skulu tengjast efni samnings. Kaupandi sem heimilar eða krefst frávikstilboðs skal í útboðsgögnum gera grein fyrir lágmarkskröfum sem frávikstilboð þarf að uppfylla og öðrum sérkröfum sem varða framlagningu þess. Taka skal fram hvort einungis er heimilt að leggja fram frávikstilboð samhliða tilboði sem ekki er frávikstilboð. Kaupandi skal tryggja að valforsendur geti jafnt átt við um frávikstilboð sem uppfylla lágmarkskröfur sem og gild tilboð sem ekki eru frávikstilboð.

Aðeins frávikstilboð sem fullnægja lágmarkskröfum kaupanda samkvæmt útboðsgögnum er heimilt að taka til umfjöllunar.

Þegar um er að ræða vöru og þjónustukaup er kaupanda, sem hefur leyft frávikstilboð, óheimilt að hafna frávikstilboði á þeirri forsendu einni að samningur, ef hann yrði gerður, yrði þjónustusamningur í stað vörusamnings eða vörusamningur í stað þjónustusamnings.

33. gr.

Hæfi bjóðenda

Fjárhagsstaða sem og tæknileg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Í því skyni er kaupanda heimilt að krefjast þess að

fyrirtæki hafi tiltekna lágmarksveltu á ári, þ.m.t. tiltekna lágmarksveltu á því sviði sem samningur fellur undir. Jafnframt má kaupandi krefjast ársreiknings fyrirtækis sem sýnir t.d. hlutfall milli eigna og skulda. Kaupanda er einnig heimilt að krefjast starfsábyrgðartryggingar.

Kaupandi getur krafist þess að fyrirtæki hafi nægilega reynslu og sýni fram á það með viðeigandi gögnum í tengslum við samninga sem fyrirtækið hefur áður framkvæmt. Kaupanda er heimilt að álykta að fyrirtæki skorti faglega getu þegar hann hefur komist að raun um hagsmunaárekstra fyrirtækisins sem geta haft neikvæð áhrif á efndir samnings.

Fyrirtæki getur, eftir því sem við á og vegna gerðar tiltekins samnings, byggt á tæknilegri og/eða fjárhagslegri getu annarra aðila án tillits til lagalegra tengsla fyrirtækisins við þessa aðila. Ef þetta er gert skal fyrirtæki sýna kaupanda fram á að það muni hafa aðgang að nauðsynlegri tækni og/eða fjármagni fyrir framkvæmd samningsins, t.d. með þeim hætti að hlutaðeigandi fyrirtæki stofni sameiginlega sérstakt félag í þessu skyni.

Ekki skal krefjast frekari gagna um sönnun á fjárhagslegri og tæknilegri getu en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðra innkaupa.

Innkaupaskrifstofa leiðbeinir kaupanda við gerð krafna um fjárhagstöðu í útboðsgögnum.

Þátttakandi eða bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli:

a. þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum, b. spillingu, c. sviksemi, d. hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, e. peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, f. barnaþrælkun eða annars konar mansal.

Skylda til að útiloka þátttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Þátttakandi eða bjóðandi skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Heimilt er að útiloka þátttakanda eða bjóðanda frá þátttöku í innkaupaferli þegar kaupandi getur sýnt fram á með viðeigandi hætti að þátttakandi eða bjóðandi hafi brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda. Hafi þátttakandi eða bjóðandi uppfyllt skyldur sínar með því að greiða upp vanskil fyrir opnun tilboða á opinberum gjöldum eða gert samning um greiðslu þeirra, þ.m.t. vexti eða sektir, skal hann ekki útilokaður samkvæmt þessari málsgrein.

Í undantekningartilvikum vegna ástæðna sem varða almannahagsmuni, svo sem lýðheilsu eða umhverfisvernd, er heimilt að veita undanþágu frá útilokun skv. 8. og 9. mgr. enda vegi þær ástæður þyngra en ástæður fyrir útilokun bjóðanda. Afla skal samþykkis innkaupa- og framkvæmdaráðs fyrir undanþágu frá útilokun.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í innkaupaferli við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

- a. Fyrirtæki hefur brotið gegn innlendum eða alþjóðlegum kröfum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- b. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- c. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- d. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- e. Fyrirtæki hefur gengið til samninga við önnur fyrirtæki í þeim tilgangi að raska samkeppni sem kaupanda er unnt að sýna fram á með nægilegum líkum.

- f. Hagsmunaárekstrar eru til staðar í innkaupaferli sem ekki er hægt að lagfæra með aðgerðum sem ganga skemur.
- g. Fyrri aðkoma fyrirtækis á undirbúningsstigi innkaupaferils er talin raska samkeppni og ekki er hægt að lagfæra það með aðgerðum sem ganga skemur.
- h. Verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til riftunar á samningi, kröfu um skaðabætur eða annarra svipaðra viðurlaga.
- i. Fyrirtæki hefur veitt rangar upplýsingar, leynt upplýsingum eða getur ekki lagt fram viðhlítandi fylgiskjöl sem krafist er, sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu til staðar útilokunarástæður eða að hæfisforsendur séu uppfylltar.
- j. Fyrirtæki hefur með óréttmætum hætti reynt að hafa áhrif á ákvörðunartöku kaupanda til að öðlast trúnaðarupplýsingar sem geta veitt því óréttmætt forskot í innkaupaferli eða hefur af gáleysi veitt villandi upplýsingar sem geta haft efnisleg áhrif á ákvarðanir varðandi útilokun, val eða samningsgerð.

Við mat á því hvort skilyrði 8., 9. og 11. mgr. eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Þrátt fyrir b- og c-lið 11. mgr. er kaupanda heimilt að útiloka ekki viðkomandi fyrirtæki þegar hægt er að slá því föstu að fyrirtækið muni geta staðið við samninginn.

Fyrirtæki sem er í einhverjum þeim aðstæðum sem segir í 11. mgr. er heimilt að færa fram sönnur á að ráðstafanir sem það hefur gripið til dugi til að sýna fram á áreiðanleika þess þrátt fyrir að til staðar sé útilokunarástæða. Ef sönnun er talin fullnægjandi skal ekki útiloka viðkomandi fyrirtæki frá innkaupaferli.

Þegar útilokunartímabil hefur ekki verið ákvarðað með endanlegum dómi skal tímabil útilokunar ekki vara lengur en fimm ár frá dómsuppkvaðningu í þeim málum sem um getur í 6. mgr. og ekki lengur en í þrjú ár í þeim málum sem um getur í 11. mgr.

Kaupandi kannar tæknilegt hæfi bjóðenda og staðfestir skriflega að bjóðandi hafi skilað inn þeim gögnum sem tilgreind eru í skilmálum og staðist kröfur útboðsgagna.

Innkaupaskrifstofa kannar fjárhag bjóðenda og staðfestir skriflega að bjóðandi hafi skilað inn þeim gögnum sem tilgreind eru í skilmálum og staðist fjárhagsskoðun.

Heimilt er að gera kröfu um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa og skal þá jafnframt gera kröfu um það í útboðsgögnum að færðar séu sönnur á því með endurskoðuðum ársreikningi eða yfirlýsingu þess efnis frá löggiltum endurskoðanda.

Þegar tilboð stafa frá einstaklingum í rekstri er nægilegt að leggja fram skattframtal ásamt RSK4.10/RSK4.11 til grundvallar mati á fjárhagslegu hæfi.

Við mat á hæfi bjóðenda er heimilt að taka tillit til þátta er varða umhverfisvernd.

34. gr.

Forsendur fyrir vali tilboðs

Einungis gild tilboð koma til álita þegar val á tilboði fer fram. Forsendur fyrir vali tilboðs skulu annað hvort miðast eingöngu við lægsta verð eða fjárhagslega hagkvæmni frá sjónarhóli kaupanda. Forsendur sem liggja til grundvallar mati á fjárhagslegri hagkvæmni skulu tengjast efni samnings, t.d. gæðum, verði, tæknilegum eiginleikum, útliti, notkunareiginleikum, umhverfislegum eiginleikum, rekstrarkostnaði, rekstrarhagkvæmni, viðhaldsþjónustu, afhendingardegi og afhendingartímabili eða lokum framkvæmdar samnings.

Í útboðsauglýsingu, útboðsgögnum eða skýringargögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs eins nákvæmlega og mögulegt er. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti.

Heimilt er að taka tillit til umhverfis- og félagslegra sjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboðs enda séu þau sjónarmið tiltekin í útboðsgögnum.

Í þeim gögnum sem greinir í 2. mgr. skal tilgreina hlutfallslegt vægi hvers viðmiðs sem vísað er til sem forsendu fyrir vali tilboðs. Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum. Ef ómögulegt er að tilgreina tiltekið vægi forsendna af ástæðum sem hægt er að sýna fram á skal raða forsendum í röð eftir mikilvægi.

IV. kafli **Framkvæmd innkaupa**

35. gr.

Undanfarandi markaðskannanir

Heimilt er að framkvæma markaðskannanir til að undirbúa innkaup. Í þeim tilgangi er heimilt að þyggja ráðgjöf frá fyrirtækjum eða sjálfstæðum sérfræðingum ýmist að undangenginni auglýsingu (PIN) eða ekki. Skyld er skrásetja öll samskipti í ferlinu enda skal hvorki skilyrðum samkeppni raskað né vegið að meginreglum um gagnsæi og jafnræði.

Ef markaðskönnun er framkvæmd skal jafnframt komið í veg fyrir hagsmunaárekstra þannig að fyrri aðkoma fyrirtækis að undirbúningi útboðs raski ekki samkeppni í eftirfarandi innkaupaferli. Aðeins skal útiloka fyrirtæki frá þátttöku í eftirfarandi innkaupaferli ef ekki er mögulegt að tryggja jafnræði bjóðenda og fyrirtæki tekst ekki að sýna fram á að fyrri aðkoma raski ekki samkeppni.

36. gr.

Auglýsing útboða og forvals

Útboð og forval skal að jafnaði auglýsa í almennum fjölmiðli og ávallt á vef Reykjavíkurborgar. Jafnframt skal auglýsa innkaupaferli yfir viðmiðunarfjárhæðum laga á opinberum útboðsvef. Skal koma fram í auglýsingu hvar og hvenær forvals- og útboðsgögn eru til afhendingar, hver kaupandi er, hvað boðið er út, hver frestur er til að skila tilboði og skilátími þess sem verið er að bjóða út.

Við lokað útboð og verðfyrirspurnir skal senda orðsendingu til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

37. gr.

Ákvörðunarvald um val á samningsaðilum og þátttakendum

Að loknu innkaupaferli skal kaupandi leggja rökstudda tillögu um val á samningsaðila fyrir innkaupaskrifstofu. Verði ágreiningur milli kaupanda og innkaupaskrifstofu skal honum vísað til ákvörðunar innkaupa- og framkvæmdaráðs. Kaupanda er jafnframt ætíð heimilt að vísa málum til innkaupa- og framkvæmdaráðs þótt ekki sé ágreiningur. Komi upp ágreiningur milli kaupanda og innkaupa- og framkvæmdaráðs geta aðilar, hvor um sig, vísað honum til borgarráðs. Þá getur innkaupa- og framkvæmdaráð ávallt vísað málum til borgarráðs ef ráðið kýs svo.

Innkaupa- og framkvæmdaráð tekur ákvörðun um val á tilboði að fenginni tillögu kaupanda sé áætluð samningsfjárhæð án virðisaukaskatti **yfir viðmiðunarfjárhæðum um útboðsskyldu innanlands, eins og þær eru ákvarðaðar samkvæmt III. kafla laga um opinber innkaup hverju sinni.:**

• 49 m.kr. ef um kaup á verklegum framkvæmdum er að ræða.

• 15,5 m.kr. ef um vöru- eða þjónustukaup er að ræða.

Kaupandi getur skipað sérstaka dómnefnd eða forvalsnefnd til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, samkeppnisviðræðum, samningskaup, hönnunarsamkeppni eða annars konar samkeppni, og skal þá niðurstaða nefndar ráða vali. Þess skal gætt að meðal dómnefndarmanna sé að finna aðila með sérþekkingu á innkaupamálum. Þegar niðurstöður dóm- eða forvalsnefndar ráða því hverjir fá rétt

til áframhaldandi þátttöku í fyrrgreindum innkaupaferlum skal koma skýrt fram í forvalsgögnum eða öðrum gögnum sem dreift er til hugsanlegra þátttakenda hvaða forsendur dóm- eða forvalsnefnd skuli leggja til grundvallar við val sitt. Þegar dómnefnd er skipuð skal þess gætt að forsendur niðurstöðu komi skýrt fram í útboðsgögnum.

Með sama hætti getur kaupandi skipað dómnefnd til að meta hagstæðasta tilboð eða vinningshafa í samkeppni.

38. gr.

Framkvæmd og umsjón með útboðsskyldum innkaupum

Gerð og frágangur forvals- og útboðslýsinga er á ábyrgð þeirra sem kaupa vöru, þjónustu eða verklegar framkvæmdir fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa annast framkvæmd allra innkaupaferla, sbr. 17. gr. á vegum Reykjavíkurborgar, sbr. þó 3. mgr. Þeir sem annast innkaup fyrir hönd Reykjavíkurborgar skulu nýta sér ráðgjöf borgarlögmans um lögfræðileg álitaeftni.

Ef Reykjavíkurborg eða einstakar stofnanir hennar hafa samvinnu við aðra aðila um innkaup skal innkaupaskrifstofa annast innkaupin ef kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar er 50% eða meiri. Ákvæði þetta gildir þó ekki þegar samvinna er höfð við aðra opinbera aðila. Ef Reykjavíkurborg eða einstakar stofnanir hennar eru í samstarfi við aðra aðila um innkaup og Reykjavíkurborg ber minna en helming kostnaðar skal samráð haft við innkaupaskrifstofu og henni tilkynnt um tilhögun og niðurstöðu innkaupa.

39. gr.

Samningsgerð og ábyrgð á framkvæmd samninga

Innkaupaskrifstofa skal annast alla samningsgerð í framhaldi innkaupa yfir viðmiðunarfjárhæðum. Sama gildir um framhaldskaup og samningsviðauka, sbr. 30. gr. Innkaupaskrifstofa nýtur aðstoðar borgarlögmans þar sem þörf er á.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna innkaupa fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir, hafi hún verið áskilin, og samningur er undirritaður. Innkaupaskrifstofa staðfestir skriflega að samningsefndatrygging liggja fyrir.

Sviðstjórar og yfirmenn einstakra skrifstofa og stofnana bera ábyrgð á framkvæmd samninga sem komið hefur á með innkaupaferli og skulu tryggja skilvirkt eftirlit með framkvæmd þeirra. Innkaupaskrifstofa er til aðstoðar og ráðgjafar komi til vandkvæða við framkvæmd samninga.

40. gr.

Gjaldprot samningshafa

Verði samningsaðili úrskurðaður gjaldþrota skal kaupandi rifta samningnum. Skal samningshafa tilkynnt um riftunina með sannanlegum hætti. Þó er heimilt, með samþykki innkaupa- og framkvæmdaráðs, að víkja frá skyldu til að rifta samningi ef knýjandi aðstæður og málefnalegar ástæður mæla með því.

41. gr.

Meðferð reikninga vegna innkaupa

Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun. Um slíka tilhögun ber að fara eftir reglum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

42. gr.

Keðjuábyrgð

Í útboðsgögnum vegna verka og þjónustu skal kveða á um heimild kaupanda til að krefjast þess að aðalverktaki tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal heimilt að kveða á um að aðalverktaki skuli með virku eftirliti tryggja að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleiga fái

viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint. Skal bjóðandi undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína að þessu leyti og skila inn með tilboði sínu.

Jafnframt skal mælt fyrir um í útboðsgögnum vegna verka og þjónustu að kaupandi hafi heimild til að greiða vangoldnar verktakagreiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svara til launatengdra greiðslna, á kostnað aðalverktaka standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur. Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis er að ekki sé deilt um réttmæti hinnar vangoldnu kröfu, kröfur séu í nánú og eðlilegu sambandi við framkvæmd opinbers samnings, lokauppgjör á samningi hafi ekki farið fram og að kröfur berist kaupanda innan fjögurra mánaða frá því að þær féllu í gjalddaga. Við greiðslu slíkra krafna þarf að gæta að uppgjöri opinberra gjalda þeim tengdum og gildandi reglum um vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga.

Verði aðalverktaki uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni skal kaupandi beita samningsbundum sektarákvæðum þar til samningsaðili hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Skal kaupandi veita samningsaðila stuttan frest til úrbóta. Verði ekki bætt úr innan þess frests er kaupanda heimilt að segja upp samningi aðila án frekari fyrirvara.

43. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls.

44. gr.

Breytingar á samningi á gildistíma

Heimilt er að breyta samningi á gildistíma hans án þess að hefja nýtt innkaupaferli í eftirfarandi tilvikum:

- a. Skýr endurskoðunarákvæði eru í samningi t.d. verðbreytingar, valmöguleikar, umfang og skilyrði.
- b. Þegar um er að ræða viðbótarverk, -þjónustu eða -vörur sem ekki var gert ráð fyrir í umsömdum innkaupum og nauðsynlegt er, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að sami aðili sjái um.
- c. Þegar þörf fyrir breytingar kemur til vegna ófyrirsjáanlegra atvika sem kaupandi gat ekki séð fyrir og verðmæti viðbótarinnkaupa er ekki meira en helmingur af upphaflegri samningsfjárhæð.
- d. Breytinga er óskað á aðilum samnings í samræmi við skýra heimild í samningi og nýr aðili uppfyllir hæfiskröfur útboðsgagna.
- e. Breytingar óháð verðmæti eru óverulegar.
- f. Verðmæti breytinga er lægra en viðmiðunarfjárhæðir eða lægra en 10% af samningi um vöru eða þjónustu og 15% af verksamningi. Meta þarf í heild verðmæti allra breytinga.

Ekki er heimilt að breyta samningi á gildistíma hans ef breyting verður talin veruleg, sbr. ef:

- a. Breyting hefði gert fleiri bjóðendum kleift að taka þátt í upphaflegu innkaupaferli hefði hún verið til staðar í upphafi.
- b. Breyting verður á fjárhagslegu jafnvægi samnings eða rammamnings í þágu fyrirtækis sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegum samningi.
- c. Breyting vikkar verulega út gildissvið samnings.
- d. Annað fyrirtæki kemur í stað þess sem kaupandi gerði upphaflegan samning við án heimildar í samningi.

45. gr.

Uppsögn samnings

Kaupanda er heimilt að segja opinberum samningi upp einhliða meðan á gildistíma hans stendur við eftirfarandi aðstæður:

- a. Ef veruleg breyting hefur verið gerð á samningi sem hefði átt að leiða til þess að hefja skyldi nýtt innkaupaferli, sbr. 45. gr.

- b. Ef fyrirtæki, sem upphaflega var valið, hefði átt að vera útilokað frá innkaupaferli, sbr. 6. og 7. mgr. 33. gr.
- c. Ef ekki hefði átt að gera samning við fyrirtæki í ljósi alvarlegs brots á reglum þessum.

46. gr.

Kærur og kvartanir

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup, getur aðili borið fram kæru til kærunefndar útboðsmála í samræmi við ákvæði þeirra laga. Leiðbeina skal þátttakendum í innkaupaferli um kærufresti samkvæmt gildandi lögum um opinber innkaup þegar innkaupaferlið fellur undir gildissvið laganna.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá Reykjavíkurborg sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til innkaupa- og framkvæmdaráðs. Kvörtun skal berast innkaupa- og framkvæmdaráði skriflega innan 20 daga frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi, sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Varði kvörtun ákvörðun innkaupa- og framkvæmdaráðs skal henni þó beint til borgarráðs.

Kærunefnd útboðsmála hefur ekki lögsögu yfir einstökum innkaupum Reykjavíkurborgar sem eru undir viðmiðunarfrjárhæðum þeim er gilda hverju sinni um útboðsskyldu samkvæmt lögum.

47. gr.

Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður Reykjavíkurborgar eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

Starfsmönnum Reykjavíkurborgar og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum Reykjavíkurborgar er óheimilt að þiggja boðsferðir sem tengjast viðskiptum við Reykjavíkurborg nema með sérstakri heimild borgarstjóra hverju sinni.

48. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi **15. desember 2023. 1. febrúar 2022.**

Frá sama tíma falla úr gildi innkaupareglur Reykjavíkurborgar frá **1. febrúar 2022. 31. maí 2019.**